

**48. fundur skólanefndar haldinn í Reykholtsskóla
mánudaginn 20. apríl 2026, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson (í fjarfundi), Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir (í fjarfundi), Lieselot Simoen, leikskólastjóri Bláskóga, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Reykholtsskóla, Guðrún Rakel Svandísardóttir, skólastjóri Bláskógaskóla, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Harpa Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Skóladagatal 2026-2027 - 2604001

Skóladagatöl leik- og grunnskóla skólaárið 2026-2027

Lögð voru fram skóladagatöl leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar. Skólastjórnendur gerðu grein fyrir dagatölunum. Skólanefnd samþykkir dagatölin með þeim breytingum sem kynntar voru á fundinum.

2. Heiti og merki leikskólans Bláskóga - 2604004

Kynning á nýju merki leikskólans Bláskóga

Kynnt var nýtt merki (logo) leikskólans Bláskóga.

3. Fáliðunaráætlun leikskólans Bláskóga - 2604003

Fáliðunaráætlun leikskólans Bláskóga, til kynningar.

Áætlunin var lögð fram til kynningar.

4. Skólamáltíðir, mötuneyti Aratungu - 2604005

Minnisblað vegna fyrirkomulags í mötuneyti í Aratungu

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að Matartíminn ehf, sem séð hefur mötuneytinu í Aratungu og leikskólanum Álfaborg fyrir máltíðum, muni láta af þeirri þjónustu við lok skólaárs grunnskóla og starfsmenn mötuneytis muni þá taka við matargerð að fullu.

5. Barnameningardagar á Suðurlandi - 2601027

Kynning á dagskrá Barnameningardaga

Sveitarfélög á Suðurlandi standa fyrir barnameningardögum í kringum Sumardaginn fyrsta. Dagskrá Bláskógabyggðar var kynnt á fundinum. Skólanefnd fagnar framtakinu.

6. Íslensku menntaverðlaunin 2026 - 2604002

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17.04.2026, vegna Íslensku menntaverðlaunanna.

Erindið var lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:00.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Simoen

Lára Bergljót Jónsdóttir

Guðrún Rakel Svandísardóttir

Harpa Gunnarsdóttir

Ásta Stefánsdóttir